

VI. KAFLI

Reglugerðarheimild. Gildistaka.

24. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um skilgreiningu flugslysa skv. 1. gr., meðferð og vörslu málgagna, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað, tæki og þjálfun nefndarinnar til vettvangsrannsókna, um fyrirkomulag á birtingu skýrslna nefndarinnar og aðra þætti málsmeðferðar hjá nefndinni.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. september 2004. Jafnframt falla úr gildi lög um rannsókn flugslysa, nr. 59/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar flugslysa samkvæmt lögum nr. 59/1996 lýkur við gildisstöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 7. maí 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

*Sturla Böðvarsson.***AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 7. maí 2004.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.